

læknir í Kópaskershéraði með aðsetur á Húsavík júní-ágúst 1974. Aðstoðarlæknir á Landakotsspítala, lyflækningadeild, frá nóv. 1974 til jan. 1975, á Landspítalanum, fæðingardeild, febr.-mars 1975 og á Landakotsspítala, augndeild, og sérfræðinám í augnlækningum frá apríl 1975 til maí 1978. Aðstoðarlæknir og sérfræðinám á Háskólasjúkrahúsinu í Lundi, augndeild, frá júní 1978 til maí 1979. Aðstoðarlæknir á Landspítalanum, taugalækningadeild, júní-nóv. 1979 og á Landakotsspítala, lyflækningadeild, frá des. 1979 til maí 1980. Aðstoðaryfirlæknir á Háskólasjúkrahúsinu í Lundi, augndeild, frá júní 1980 til maí 1981. Sérfræðingur (lausráðinn) í augnlækningum á augndeild Landakotsspítala frá júní 1981 til apríl 1982, fastráðinn sérfræðingur þar frá apríl 1982 til okt. 1996 og á augndeild Landspítalans frá nóv. 1996. Settur yfirlæknir (hálf starf) á Sjónstöð Íslands í Reykjavík frá júní 1985 til maí 1986, skipaður í hálf starf frá júní 1996 og í fullt starf frá sept. 1998. – Kennslustörf: Samhliða læknanámi við Háskóla Íslands stundakennari í lífeðlis-, vefja- og lyfjafræði við læknadeild, í lífeðlisfræði við líf-fræðideild og í lífefnafræði við tannlæknadeild. Stundakennari í augnsjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands 1977-78 og 1982-99 og við námsbraut í hjúkrun 1976-78 og 1982-86. Stundakennsla í augnsjúkdómafræði við Hjúkrunarskóla Íslands 1976-78 og 1982-86 og við Nýja hjúkrunarskólann 1983-86.

Félags- og trúnaðarstörf: Ritari í stjórn Augnlæknafélags Íslands 1982-84 og gjaldkeri 1997-99. Í sjúkraskrárnefnd Landakotsspítala 1982-84, formaður 1984-86. Í framkvæmdanefnd lækna ráðs Landakotsspítala 1984-86. Varamaður í stjórn Sjónstöðvar Íslands 1984-87. Formaður fræðslunefndar augndeildar Landakotsspítala 1986-88. Gjaldkeri í stjórn Ljóstæknafélags Íslands 1987-90 og meðstjórnandi 1990-94. Í undirbúningsnefnd (ritstjóri vísindalegs efnis) fyrir norrænt augnlæknaþing á Íslandi 1989. Í norrænum rannsóknarhópi um blindu meðal barna á Norðurlöndum (NordSyn) frá 1990. Í stjórn siðfræðiráðs Læknafélags Íslands frá 1993. Í barnaverndarnefnd Reykjavíkur 1994-98. Í stjórn Sjónverndarsjóðs Íslands frá upphafi 1996. Ritari í undirbúningsnefnd fyrir norrænt barna augnlæknaþing á Íslandi 1998.

Ritstörf: Um nýgengi meiriháttar augnslysa á Íslandi (sérfræðiritgerð). Fjöldi greina um gláku

og augnsjúkdóma í innlendum og erlendum læknatímaritum.

Maki: 9. febr. 1973, Sigríður Kristín Ragnarsdóttir, f. 12. des. 1943, d. 20. júní 1988, stúdent frá M.R. 1966, exam. pharm. frá H.Í. 1978, aðstoðarlyfjafræðingur. For.: Sigurður Ragnar Hjörleifsson, bankaritari í Reykjavík, f. 23. febr. 1906, d. 5. nóv. 1948, og k.h. Ásta Einarsdóttir, húsfreyja, f. 3. nóv. 1907, d. 14. mars 1985.

Börn þeirra: 1) Ragnar Bjartur, f. 29. maí 1973, stjórn málafræðingur í Reykjavík. 2) Hrafnhildur Björt, f. 21. febr. 1975, nemi í Reykjavík. Sambýlismaður: Einir Jónsson, f. 3. nóv. 1973, læknir.

Sambýliskona: 1991, Líney Þórðardóttir, f. 30. jan. 1952, stúdent frá V.Í. 1973, hjúkrunarpróf frá H.Í. 1979, hjúkrunarfræðingur. For.: Þórður Marel Jónsson, trésmiður hjá Ölgerðinni Egill Skallagrímsson í Reykjavík, f. 15. apríl 1908, d. 1. júní 1983, og k.h. Margrét Guðný Árnadóttir, húsfreyja, f. 27. ágúst 1911, d. 4. júní 1990.

Dóttir þeirra: Margrét, f. 5. okt. 1992.

Skyldleiki/tengdir: Auðunn Kl. Sveinbjörnsson (fv. mágur), Einar Thoroddsen (tvímenningur), Einir Jónsson (sambýlismaður dóttur), Guðmundur Thoroddsen (móðurfaðir), Hanna Jóhannesdóttir (G.V. tvím. við föður H.J.), Haraldur Jónsson (maki afasystur), Hildur Viðarsdóttir (þremmenningur), Jón Benediktsson (ömmubróðir), Jónas Kristjánsson (maki ömmusystur), Katrín Thoroddsen (afasystir), Kristín Leifsdóttir (systurdóttir), Kristján Jónasson (tvím. við móður), Ólafur Skúli Indriðason (þremmenningur), Skúli Thoroddsen (móðurbróðir), Sveinbjörn Auðunsson (systursonur), Thordur Theodorsson (maki II tvím. við G.V.), Tryggvi Þorsteinsson (tvímenningur), Þorsteinn Jóhannesson (G.V. tvím. við föður P.J.).

Guðmundur Þorgeirsson f. 14. mars 1946 á Djúpavík í Árneshr., Strand.

Faðir: Þorgeir Gestsson, héraðslæknir í Neskaupstað, á Húsavík og á Stórolfshvoli, síðar læknir í Reykjavík, f. 3. nóv. 1914. For.: Gestur Einarsson, bóndi og oddviti á Hæli í Gnúpverjahr., Árn., f. 2. júní 1880, d. 23. nóv. 1918, og k.h. Margrét Gísladóttir, húsfreyja, f. 30. sept. 1885, d. 7. júní 1969.

Móðir: Ása Guðmundsdóttir, húsmæðrakennari í Reykjavík, f. 25. júní 1918. For.: Guðmund-



ur Stefánsson, bóndi á Harðbak á Melrakka-sléttu, Presthólahr., N-Þing., f. 13. júlí 1885, d. 3. maí 1971, og k.h. Margrét Siggeirsdóttir, húsfreyja, f. 12. ágúst 1890, d. 20. nóv. 1978.

Nám: Stúdent frá M.R. stfd. 1966, I. ág. eink. (9,24). Cand. med. frá H.Í. 20. júní

1973, I. ág. eink. (15,07). Amerískt útlendinga-próf (ECFMG) í Reykjavík 24. jan. 1973. Áfanga-próf að doktorsprófi frá Case Western Reserve University í Cleveland í Ohio 27. des. 1977, Ph.D. þaðan 31. maí 1978. Amerískt læknapróf (FLEX) 12. des. 1978. Sérfræðipróf í lyflækni-fræði (American Board of Internal Medicine) 9. sept. 1980 og í hjartasjúkdómum (American Board of Cardiovascular Diseases) 9. nóv. 1983. – Almennt lækningaleyfi í Ohio 15. febr. 1979 og á Íslandi 24. febr. 1981. Sérfræðingsleyfi í almenn-um lyflækningum í Bandaríkjunum 9. sept. 1980 og á Íslandi 27. maí 1981. Sérfræðingsleyfi í hjartasjúkdómum í Bandaríkjunum 9. nóv. 1983 og sem undirgrein við lyflækningar á Íslandi 19. okt. 1982.

Störf: Kandídat á Landspítalanum, handlækningadeild, júlí-ágúst 1973 og á fæðingardeild í sept. s.á. Aðstoðarlæknir á Landspítalanum, taugalækningadeild, okt.-des. 1973. Kandídat á Landspítalanum, lyflækningadeild, jan.-apríl 1974, á fæðingardeild í maí s.á. og á lyflækningadeild í júní s.á. Aðstoðarlæknir (Resident) í meinafræði við Institute of Pathology, University Hospitals of Cleveland í Ohio, frá júlí 1974 til júní 1975, Research Associate við Laboratory for Interdisciplinary Cardiovascular Research, Case Western Reserve University í Cleveland í Ohio frá júlí 1975 til apríl 1978, aðstoðarlæknir (Medical Intern) á University Hospitals of Cleveland í Ohio, lyflækningadeild, frá maí 1978 til júní 1978, Medical Resident þar frá júlí 1978 til júní 1980 og aðstoðarlæknir (Fellow in Cardiology) á sama spítala, hjartasjúkdómadeild, frá júlí 1980 til júní 1982. Sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum á Landspítalanum, lyflækningadeild, frá júlí 1982. Yfirlæknir bráðamóttöku-deildar og göngudeildar Landspítalans frá nóv.

1988. – Önnur störf: Aðstoðarlæknir hjá héraðs-lækninum í Hafnarfjarðarhéraði júlí-ágúst 1975. – Kennslustörf: Stundakennari í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands 1971-73. Kennari í meinafræði við Case Western Reserve University í Cleveland 1974-78, í lyflækni-fræði 1978-80 og í hjartasjúkdómum 1980-82. Stundakennari við námsbrautir í hjúkrun og sjúkráþjálfun við Háskóla Íslands 1982-85. Lektor í lyfjafræði við læknadeild Háskóla Íslands 1985-90, skipaður lektor frá jan. 1987, dósent frá febr. 1990 og prófessor frá des. 1998. Hefur jafnframt flutt fyrirlestra á hverju ári í hjartasjúkdómafræði, heilbrigðisfræði, meinafræði og vísindalegri aðferðafræði fyrir lækna-nema við Háskóla Íslands. Námskeið við Endur-menntunarstofnun H.Í. og fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við læknadeild H.Í. Prófdómari við læknadeild H.Í.: í lyfjafræði 1983-85, í lífeðlisfræði 1985 og í lyflækni-fræði 1985-86. Jafnframt leiðbeinandi læknanema í rannsóknanámi.

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Félags læknanema 1971-72. Í deildarráði læknadeildar Háskóla Íslands 1971-72. Í stjórn Hjartasjúkdómafélags íslenskra lækna 1983-87, formaður 1985-87. Meðritstjóri Læknablaðsins 1983-91 og Hjartaverndar frá 1985. Ritari undirbúnings-nefndar fyrir International Society for Heart Research, VIIth Congress of the European Section, í Reykjavík 1986. Í alþjóðaviðskiptanefnd Háskóla Íslands 1986-91. Í endurskoðunarnefnd námskrár læknadeildar H.Í. frá 1987. Í varastjórn Hjartaverndar frá 1987. Formaður rannsóknastjórnar Hjartaverndar frá 1988. Í almannavarnanefnd Landspítalans frá 1988. Í kennslunefnd læknadeildar H.Í. 1988-92, í B.S.-nefnd og síðar rannsóknarnámsnefnd 1988-96. Í stjórn Nemenda-sambands M.R. frá 1988. Ráðgjafi (Consultant) ritstjórnar Cardiovascular World Report 1988-92. Í vísindanefnd fyrir XII Scandinavian Congress of Cardiology í Reykjavík 1989. Í rannsóknarstjórn Scandinavian Simvastatin Survival Study frá 1990. Formaður Manneldisráðs Íslands 1990-98. Í valnefnd Vísindafélags Íslendinga 1991-96. Formaður þróunarnefndar læknadeildar H.Í. 1993-94. Í vísindanefnd Háskólaráðs frá 1994. Í rannsóknarstjórn Biomed-áætlunar Evrópusambandsins frá 1995. Í deildarráði læknadeildar H.Í. 1996-98. Í ritstjórn Scandinavian Cardiovascular Journal frá 1996. Í rannsóknarstjórn Metoprolol

CR Randomised Intervention Trial in Congestive Heart Failure (MERIT-HF) frá 1996. Hefur auk þess átt sæti í dómnefndum um lektors- og dóentsstöður við læknadeild H.Í.

Ritstörf: Effects of Platelets on Human Vascular Endothelial and Smooth Muscle Cells In Vitro, 1978 (doktorsritgerð). Fjöldi greina í innlendum og erlendum læknaritum. Um 70 boðsfyrirlestrar við ýmsa háskóla og sjúkrahús í Bandaríkjunum, Kanada, Skotlandi, El Salvador, Costa Rica, Perú, Kólumbíu, á Spáni, í Portúgal, Tyrklandi, Japan, á Filippseyjum, í Suður-Kóreu, Kína, Slóvakíu, Noregi og Ítalíu.

Viðurkenning: Félagi í Vísindafélagi Íslendinga frá 1987. Veitt 1997 viðurkenning vísindanefndar læknadeildar Háskóla Íslands fyrir vísindastörf.

Maki: 20. júlí 1968, Bryndís Sigurjónsdóttir, f. 17. mars 1946, stúdent frá M.R. 1966, B.A. í frönsku og sagnfræði frá H.Í. 1970, M.Ed. frá John Carroll University 1980, kennari. For.: Sigurjón Árni Sigurðsson, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 1. ágúst 1916, d. 28. ágúst 1982, og k.h. Bryndís Bogadóttir, húsfreyja, f. 21. jan. 1919, d. 15. sept. 1978.

Börn þeirra: 1) Þorgeir, f. 29. des. 1968, B.F.A., í mastersnámi í kvikmyndastjórn við Columbia University í New York. Maki: Sigrún Inga Hrólfsdóttir, f. 2. maí 1973, myndlistarmaður. 2) Sigurjón Árni, f. 11. mars 1974, verkfræðinemi. 3) Hjalti, f. 18. júní 1976, stud. med. við Háskóla Íslands. 4) Bogi, f. 10. júlí 1981, nemi. 5) Ása Bryndís, f. 2. júlí 1986, nemi.

Skyldleiki/tengdir: Björn Öundurson (tvím. við móður), Eiríkur Þorgeirsson og Gestur Þorgeirsson (bræður), Jóhannes Heimir Jónsson, Kristján Guðmundsson og Magni S. Jónsson (þremenningar), Þorgeir Gestsson (faðir).

Guðmundur Þorsteinsson f. 14. ágúst 1879 í Reykjavík, d. 8. mars 1924 á Bakkagerði í Borgarfirði eystra, N-Múl.



Faðir: Þorsteinn Guðmundsson, yfirfiskmatsmaður í Reykjavík, f. 7. júní 1847, d. 21. mars 1920. For.: Guðmundur Guðmundsson, útvegsbóndi á Brunnastöðum á Vatnsleysu-

strönd, Gullbr., síðar verslunarmaður í Stöðlakoti í Reykjavík, f. 29. apríl 1817, d. 29. apríl 1876, og k.h. Ragnheiður Þorsteinsdóttir, húsfreyja, f. 16. ágúst 1817, d. 8. júní 1866.

Móðir: Kristín Gestsdóttir, húsfreyja í Reykjavík, f. 20. okt. 1851, d. 12. sept. 1929. For.: Gestur Jónsson, tómthúsmaður á Hlíði og Svalbarða á Álftanesi, Bessastaðahr., Gullbr., f. 13. ágúst 1811, d. 10. mars 1880, og seinni k.h. Sigríður Gísladóttir, húsfreyja, f. 3. apríl 1809, d. 8. mars 1880. (Fyrri k. Gestur var Guðrún Halldórsdóttir, húsfreyja, f. 1799, d. 9. júlí 1846.)

Nám: Stúdent frá Lærða skólanum í júní 1900, I. eink. (84 st.). Las fyrst guðfræði við Hafnarháskóla 1900-03, cand. phil. þaðan 11. júní 1901. Hóf nám við Læknaskólann haustið 1903, cand. med. þaðan 23. jan. 1908, II. eink. lakari (75½ st.).

Störf: Starfaði á sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn 1908, m.a. á Fødselsstiftelsen. Staðgengill héraðslæknanna í Hornafjarðarhéraði 1909 og í Reyðarfjarðarhéraði 1910. Héraðslæknir í Sauðárkrókshéraði frá nóv. 1910 til febr. 1911. Héraðslæknir í Þistilfjarðarhéraði frá júní 1911 til maí 1915 og í Hróarstunguhéraði frá júní 1915 til æviloka, með aðsetur á Bakkagerði í Borgarfirði eystra.

Maki: 3. júlí 1911, Margrét Kristín Lárusdóttir, f. 3. maí 1890, d. 5. mars 1971, húsfreyja. For.: Lárus Sigmundur Tómasson, skólastjóri, bóksali og bankagjaldkeri á Seyðisfirði, f. 22. júní 1854, d. 9. apríl 1917, og k.h. Þórunn Halldóra Gísladóttir Wíum, húsfreyja, f. 7. sept. 1862, d. 30. sept. 1931.

Börn þeirra: 1) Þorsteinn, f. 10. nóv. 1912, d. 29. mars 1913. 2) Lára, f. 18. apríl 1914, verslunarmaður í Reykjavík.

Skyldleiki/tengdir: Kristinn Björnsson (tvímenningur).

Guðmundur Þórðarson f. 25. okt. 1923 í Efri-Úlfsstaðahjáleigu í A-Landeyjahl., Rang., d. 3. maí 1981 í Reykjavík.

Faðir: Þórður Þorsteinsson, bóndi í Efri-Úlfsstaðahjáleigu og á Sléttabóli í A-Landeyjahl., Rang., f. 7. (kbók 6.) ágúst 1883, d. 26. apríl 1970. For.: Þorsteinn Ísleiksson, bóndi á Bergþórshvoli í V-Landeyjahl., f. 13. okt. 1849, d. 5. des. 1944, og k.h. Sesselja Halldórsdóttir, húsfreyja, f. 30. okt. 1845, d. 6. apríl 1924.